

Fundur foreldraráðs Jötunheima mánudaginn 2. maí 2022, kl. 10:00

Mættar í fjarfundi og/eða á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra: Eyðís Harpa, Guðný, Helga Mjöll, Sólveig, Ingunn aðstoðarleikskólastjóri og Júlíana leikskólastjóri.

Sólveig ritar fundargerð.

Fundarefni:

1. Logo leikskólans – Leikskólastjóra kynnis að lógóið sé tilbúin og útgefið. Mikil ánægja er með nýja merkið sem og hvernig staðið var að vali þess.
2. Heilsuhringur Jötunheima – Leikskólastjóri kynnis stöðu verkefnisins sem er í góðum ferli og á lokametrunum. Skerpa þarf á þrautabraut á skólalóð. Í kjölfarið mun birtast grein um verkefnið og það kynnt.
3. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun
 - a. Leikskólastjóri kynnis niðurstöður úr starfsmannakönnun, sem voru almennt góðar. Niðurstöðurnar lýsa almennri starfsánægju starfsmanna leikskólans sem og ánægju með stjórnun og starfsaðstöðu. Leikskólastjóri kveður stjórnendur eiga eftir að rýna betur í niðurstöður könnunarinnar, en einhverrar óánægju bar varðandi „undirbúning“, sem sé þó kjarasamningsbundið atriði sem þurfi mögulega að tækla á öðrum vettvangi.
 - b. Leikskólastjóri kveður umbótaáætlun ekki tilbúna en unnið verði að henni komandi föstudag (sem er starfsdagur á leikskólanum).
4. Starfsáætlun næsta skólaárs – Leikskólastjóri kveður vinnu að nýrri starfsáætlun muna hefjast þegar búíð verður að gera upp líðandi starfsárs. Þá verða gerð drög að nýrri starfsáætlun sem lögð verður til samþykkis á haustmánuðum.
5. Skólanámskrá Jötunheima – Lokasamþykki – Fundarmenn er mjög ánægðir með skólanámskránnar, fannst hún skýr og hnitmiðuð. Ákveðið var að halda inni upplýsingum um Völu-appið. Skólanámskráin var samþykkt.
6. Önnur mál
 - a. Rætt var um störf foreldraráðsins. Fundarmenn kváðust ánægðir með fundartíma og fjölda funda. Talið var hæfilegt að halda tvo fundi fyrir áramót og tvo eftir áramót. Allir meðlimir ráðsins kváðust reiðubúnir til að halda áfram í ráðinu á næsta skólaári.
 - b. Leikskólastjóri kynnti þátttöku starfsmanna leikskólans í Styrktarleikunum síðastliðna helgi. Mikil ánægja var með þátttökuna.

Boðað verður til næsta fundar á nýju skólaári.

Fundi slitið 10.23